

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Leikskólar og áföll

Könnun á starfsemi áfallaráða í tveimur sveitarfélögum

Sigríður Rut Indriðadóttir  
Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir



Kennaraháskóli Íslands  
Leikskólabraut  
Maí 2007

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

## Leikskólar og áföll

Könnun á starfsemi áfallaráða í tveimur sveitarfélögum

Sigríður Rut Indriðadóttir

281284-2239

Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir

210381-3339

Kennaraháskóli Íslands  
Leikskólabraut  
Maí 2007

Halla Jónsdóttir

Verkefni þetta er lokaverkefni til B.ed. prófs í leikskólafræðum við Kennaraháskóla Íslands.

Verkefnið unnu:

---

Sigríður Rut Indriðadóttir (281284-2239)

---

Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir (210381-3339)

Dagsetning \_\_\_\_\_

## Ágrip

Áfallaráðum hefur víða verið komið á fót en lítið er vitað um fjölda þeirra og virkni í leikskólum. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna starfsemi áfallaráða í leikskólum í tveimur sveitarfélögum, Reykjavík og Kópavogi. Rannsóknarspurningin var tvíþætt: hvernig er starfsemi áfallaráða háttað í leikskólum í Reykjavík og Kópavogi? Hver er tíðni áfalla og virkni áfallaráða og hvaða leiða hefur leikskólinn leitað til að styðja við börn sem verða fyrir áfalli?

Í rannsókninni var notuð bæði eigindleg og megingindleg aðferðafræði. Tekin voru þrjú viðtöl við fólk sem starfar í leikskóla til að afla gagna fyrir hönnun spurningalista fyrir megingindlega hluta rannsóknarinnar sem fölginn var í spurningalista með 15 spurningum. Hann var lagður fyrir 16 leikskóla í Kópavogi og 80 leikskóla í Reykjavík. Svarhlutfallið var 68,8% í Kópavogi en 26,3% í Reykjavík.

Markverðustu niðurstöður eru að nær allir leikskólar í báðum sveitarfélögunum hafa lent í áfalli (Kóp. 81,8% og Rvk. 90,5%) og enn fleiri telja þörf vera fyrir áfallaráð á sínum leikskóla (Kóp. 90,9% og Rvk. 100%). Hins vegar er ekki algengt að það sé starfandi áfallaráð á leikskólum í Kópavogi eða aðeins í um 30% tilvika. Í Reykjavík segjast 81% leikskóla vera með virkt áfallaráð.

Okkur virðist að aukin meðvitund sé um gildi áfallaráða og áfallaáætlana í leikskólum og vonum að þessi rannsókn megi verða lóð á þá vogarskál að fleiri leikskólar taki þetta mikilvæga málefni enn fastari tökum.

## **Þakkarorð**

Við viljum þakka eftirtöldum aðilum fyrir aðstoð við gerð þessa lokaverkefnis:

- Höllu Jónsdóttur leiðsögukennara okkar í Kennaraháskóla Íslands. Við þökkum henni kærlega fyrir aðstoð og góðar ábendingar í þessu lokaverkefni. Einnig fyrir yfirlestur.
- Sesselju Hauksdóttur leikskólafulltrúa og yfirmann leikskóladeildar Kópavogs fyrir upplýsingar um leikskóla Kópavogs.
- Leikskólanefnd Kópavogsbæjar fyrir að gera okkur kleift að framkvæma þessa rannsókn með því að veita okkur leyfi fyrir henni.
- Hildi Björk Svavarsdóttur deildarstjóra gagnadeildar menntasviðs Reykjavíkur fyrir góðar ábendingar við gerð spurningalista okkar.
- Kolbrúnu Vigfúsdóttur þróunarfulltrúa á leikskólaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir upplýsingar um leikskóla Reykjavíkur.
- Júlíönu Hilmisdóttur leikskólastjóra fyrir góðar ábendingar við gerð spurningalista okkar.
- Öllu starfsfólki leikskóla í Kópavogi og Reykjavík sem svöruðu spurningalista okkar - - án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika.
- Sigríði Halldórsdóttur fyrir yfirlestur lokaverkefnis.

# Efnisyfirlit

<b>ÁGRIP</b>	<b>1</b>
<b>ÞAKKARORÐ</b>	<b>2</b>
<b>YFIRLIT YFIR SÚLURIT OG TÖFLUR</b>	<b>4</b>
<i>FRÆDILEGUR HLUTI</i>	4
<i>NIÐURSTÖÐUR ÚR KÓPAVOGI</i>	4
<i>NIÐURSTÖÐUR ÚR REYKJAVÍK</i>	5
<b>INNGANGUR</b>	<b>7</b>
<b>FRÆDILEGUR HLUTI</b>	<b>9</b>
<i>ÁFÖLL OG ÁHRIF ÞEIRRA Á BÖRN</i>	9
<i>ÁFALLAHJÁLP</i>	12
<i>ÁFALLARÁÐ, HLUTVERK ÞEIRRA OG STARFSEMI</i>	13
<i>STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR OG KÓPAVOGSBÆJAR VARÐANDI ÁFALLARÁÐ</i>	15
<b>RANNSÓKNARAÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD</b>	<b>17</b>
<i>EIGINDLEG AÐFERÐARFRÆÐI</i>	17
<i>MEGINDLEG AÐFERÐARFRÆÐI</i>	18
<b>NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR</b>	<b>19</b>
<i>KÓPAVOGUR</i>	19
<i>REYKJAVÍK</i>	31
<b>UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR</b>	<b>46</b>
<b>LOKAORÐ</b>	<b>50</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b>	<b>52</b>
<b>YFIRLIT YFIR FYLGISKJÖL</b>	<b>54</b>
<i>FYLGISKJAL 1</i>	55
<i>Viðtalsrammi</i>	55
<i>FYLGISKJAL 2</i>	57
<i>Spurningalisti</i>	57

## Yfirlit yfir súlurit og töflur

### **Fræðilegur hluti**

Tafla 1. Viðbrögð barna við áfalli og sorg.....	11
---	----

### **Niðurstöður úr Kópavogi**

Súlurit 1. Hefur leikskólinn lent í áfalli?.....	19
Tafla 2. Prósentutölur fyrir súlurit 1.....	19
Súlurit 2. Ef já hvers konar áfalli?.....	20
Tafla 3. Prósentutölur fyrir súlurit 2.....	21
Súlurit 3. Finnst þér vera þörf fyrir áfallaráð á þínum leikskóla?.....	21
Tafla 4. Prósentutölur fyrir súlurit 3.....	22
Súlurit 4. Er virkt áfallaráð starfandi? .....	22
Tafla 5. Prósentutölur fyrir súlurit 4.....	22
Súlurit 5. Ef já, eru fundir haldnir reglulega í áfallaráði?.....	22
Tafla 6. Prósentutölur fyrir súlurit 5.....	23
Súlurit 6. Hvað er langt síðan áfallaráð fundaði síðast?.....	23
Tafla 7. Prósentutölur fyrir súlurit 6.....	23
Súlurit 7. Hversu oft hefur áfallaráð komið saman, síðastliðið ár (2006)?.....	24
Tafla 8. Prósentutölur fyrir súlurit 7.....	24
Súlurit 8. Hverjir sitja í áfallaráði?.....	24
Tafla 9. Prósentutölur fyrir súlurit 8.....	25
Súlurit 9. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við barnið/börnin?.....	25
Tafla 10. Prósentutölur fyrir súlurit 9.....	26
Súlurit 10. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við starfsfólkið?.....	26
Tafla 11. Prósentutölur fyrir súlurit 10.....	27
Súlurit 11. Hvaða utanaðkomandi aðstoð fékk leikskólinn?.....	27
Tafla 12. Prósentutölur fyrir súlurit 11.....	28
Súlurit 12. Hvað finnst þér að einstaklingur innan áfallaráðs eigið hafa til að bera? Hvað er mikilvægast?.....	28
Tafla 13. Prósentutölur fyrir súlurit 12.....	28
Súlurit 13. Er áfallaáætlun til í leikskólanum?.....	29

Tafla 14. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 13</i> .....	29
Súlurit 14. <i>Ef já, er áfallaáætlunin endurskoðið eftir hvert áfall og betrumbætt?</i> .....	29
Tafla 15. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 14</i> .....	30
Súlurit 15. <i>Hvar leitið þið að fræðsluefni um áföll?</i> .....	30
Tafla 16. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 15</i> .....	31

### **Niðurstöður úr Reykjavík**

Súlurit 16. <i>Hefur leikskólinn lent í áfalli?</i> .....	31
Tafla 17. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 16</i> .....	32
Súlurit 17. <i>Ef já hvers konar áfalli?</i> .....	32
Tafla 18. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 17</i> .....	33
Súlurit 18. <i>Finnst þér vera þörf fyrir áfallaráð á þínum leikskóla?</i> .....	33
Tafla 19. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 18</i> .....	34
Súlurit 19. <i>Er virkt áfallaráð starfandi?</i> .....	34
Tafla 20. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 19</i> .....	34
Súlurit 20. <i>Ef já, eru fundir haldnir reglulega í áfallaráði?</i> .....	34
Tafla 21. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 20</i> .....	35
Súlurit 21. <i>Hvað er langt síðan áfallaráð fundaði síðast?</i> .....	35
Tafla 22. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 21</i> .....	36
Súlurit 22. <i>Hversu oft hefur áfallaráð komið saman, síðastliðið ár (2006)?</i> .....	36
Tafla 23. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 22</i> .....	36
Súlurit 23. <i>Hverjir sitja í áfallaráði?</i> .....	37
Tafla 24. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 23</i> .....	37
Súlurit 24. <i>Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við barnið/börnin?</i> .....	38
Tafla 25. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 24</i> .....	39
Súlurit 25. <i>Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við starfsfólkið?</i> .....	39
Tafla 26. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 25</i> .....	40
Súlurit 26. <i>Hvaða utanaðkomandi aðstoð fékk leikskólinn?</i> .....	40
Tafla 27. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 26</i> .....	41
Súlurit 27. <i>Hvað finnst þér að einstaklingur innan áfallaráðs eigi að hafa til að bera? Hvað er mikilvægast?</i> .....	41
Tafla 28. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 27</i> .....	42
Súlurit 28. <i>Er áfallaáætlun til í leikskólanum?</i> .....	42
Tafla 29. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 28</i> .....	42

Súlurit 29. <i>Ef já, er áfallaáætlunin endurskoðið eftir hvert áfall og betrum bætt?</i> .....	43
Tafla 30. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 29</i> .....	43
Súlurit 30. <i>Hvar leitið þið að fræðsluefni um áföll?</i> .....	44
Tafla 31. <i>Prósentutölur fyrir súlurit 30</i> .....	45

## Inngangur

Rannsóknarskýrsla þessi er lokaverkefni á leikskólabraut við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ). Hún fjallar um starfsemi áfallaráða í tveimur sveitarfélögum, Kópavogi og Reykjavík. Áhugi okkar á þessu rannsóknarefni vaknaði haustið 2006 þegar við sátum áfangann *Barn, fjölskylda og barnavernd* í KHÍ. Þar var okkur gert að kanna stöðu áfallaráða í þremur leikskólum. Niðurstaða þeirrar könnunar vakti okkur og fleiri til umhugsunar um stöðu áfallaráða í leikskólum almennt. Við sáum á þeirri könnun að ekki eru allir leikskólar jafn vel undirbúnir til að takast á við áfall. Sá leikskóli sem hafði lent í flestum áföllum af þessum þremur var til dæmis ekki með virkt áfallaráð. Í kjölfar þessarar könnunar langaði okkur að rannsaka hver staðan væri almennt í leikskólum og völdum til þess tvö sveitarfélög, Reykjavík og Kópavog. Tilgangur rannsóknarinnar var því að kanna starfsemi áfallaráða í leikskólum í þessum tveimur sveitarfélögum, Reykjavík og Kópavogi. Rannsóknarspurningin var: hvernig er starfsemi áfallaráða háttáð í leikskólum í Reykjavík og Kópavogi? Hver er tíðini áfalla og virkni áfallaráða og hvaða leiða hefur leikskólinn leitað til að styðja við börn sem verða fyrir áfalli?

Í fræðilegum hluta rannsóknarskýrslunnar verður fjallað um áföll og áhrif þeirra á börn, áfallahjálp, áfallaráð, hlutverk þeirra og starfsemi. Þá verður einnig kynnt stefna Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar varðandi áfallaráð. Í aðferðafræðilegum hluta rannsóknarskýrslunnar verður farið yfir rannsóknaraðferðir og framkvæmd rannsóknarinnar sem fólst bæði í eigindlegum og megingdlegum hluta. Fjallað verður um eðli viðtala og af hverju þau geta verið ákjósanleg leið til gagnaöflunar. Tekin voru þrjú viðtöl við fólk sem starfar í leikskóla til að afla gagna fyrir hönnun spurningalista fyrir megingdlega hluta rannsóknarinnar sem fölginn var í spurningalista með 15 spurningum. Hann var lagður fyrir 16 leikskóla í Kópavogi og 80 leikskóla í Reykjavík, eða samtals 96 leikskóla. Svarhlutfallið var 68,8% í Kópavogi en 26,3% í Reykjavík.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar lið fyrir lið eftir spurningunum. Fyrst verður gerð grein fyrir svörum leikskóla í Kópavogi og svör leikskóla í Reykjavík fylgja þar á eftir. Niðurstöðurnar verða kynntar með sjónrænum hætti, í súluritum og með prósentutölum. Markverðustu niðurstöður eru að nær allir leikskólar í báðum sveitarfélögunum hafa lent í áfalli (Kóp. 81,8% og Rvk. 90,5%) og enn fleiri telja þörf vera fyrir áfallaráð á sínum leikskóla (Kóp. 90,9% og Rvk. 100%). Hins vegar er ekki algengt að það sé starfandi áfallaráð í leikskólum í Kópavogi eða aðeins í um 30% tilvika. Í Reykjavík segjast 81%

leikskóla vera með virkt áfallaráð. Rannsóknarskýrslunni lýkur með umræðu um markverðustu niðurstöður, ályktunum og lokaorðum.

## Fræðilegur hluti

Í þessum hluta ritgerðarinnar verður fjallað um áföll og áhrif þeirra á börn, áfallahjálp, áfallaráð - hlutverk þeirra og starfsemi. Að lokum verður fjallað um stefnu Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar varðandi áfallaráð.

### *Áföll og áhrif þeirra á börn*

Mikil vitundarvakning hefur orðið varðandi mikilvægi þess að hlúa vel að börnum sem orðið hafa fyrir áfalli (Cohen, Mannarino og Deblinger, 2006) sem mikilvægum þætti í geðvernd leikskólabarna (Luby, 2006). Áföll tengjast mörgum greinum eins og t.d. trúarbragðafræði, siðfræði, heimspeki, sálfræði og uppeldisfræði. Áfall er raunverulegur atburður sem einstaklingur upplifir sem missi, eða ógnun um missi, einhvers sem honum er mikilvægt og vekur viðbrögð hans. Áfallið framkallar tilfinningalegt högg sem myndar tilfinningalegt yfirflæði og veldur því að fyrri reynsla og viðbragðshættir nægja ekki til að skilja og ráða við aðstæður (Guðrún Alda Harðardóttir 1999).

Rannsóknir hafa sýnt að áföll geti haft langtíma- og skammtímaáhrif á börn. Þegar um langtímaáhrif er að ræða á sér stað atferlisgeymd (behavioral memories). Það kemur fram hjá mjög ungum börnum sem hafa orðið fyrir áfalli og kallar fram varanlega sjónræna mynd í hugann fram eftir öllum aldri. Við áfall verður breyting á randkerfi (limbic system) heilans sem framkallar áfallaviðbrögð (Cohen, Mannarino og Deblinger; 2006, Guðrún Alda Harðardóttir, 1999). Áfallaviðbrögð barna koma fullorðnum oftast ekki í opna skjöldu og þau skilja ekki þau tilfinningalegu viðbrögð sem börnin sýna. Viðbrögð barna geta verið af mörgum toga og oft misjöfn eftir því hvert áfallið er:

- Sorg, söknuður og reiði eru algengustu viðbrögðin.
- Hræðsla og kvíði getur birst með ýmsu móti.
- Sektarkennd.
- Erfiðleikar með einbeitingu (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999).

Rannsóknir hafa sýnt að börn á öllum aldri velta fyrir sér lífi og dauða. Kvíði leitar á þau á vissum stigum í lífinu. Þetta eru eðlilegir þættir í þroska barna. Viðhorf fullorðinna og uppeldisaðstæður barnanna skipta máli. Það skiptir máli hvort þau deila hugsunum sínum með fullorðnum og jafnframt hvort börnin spyrji þá spurninga og leiti þannig svara við þeim. Skilningur barna breytist frá einu þroskaskiði til annars. Mismunandi er t.d. hvernig óttinn við dauðann birtist fólki. Það ræðst af ýmsum þáttum eins og aðstæðum, umhverfi og gerð

einstaklingsins. Óttinn gerir oft vart við sig hjá börnum. Hann kemur aðallega fram í hræðslu við hið óþekkta eða við það að verða yfirgefin. Óttinn gerir vart við sig hjá langflestum, einhvern tíma á lífsleiðinni, í einni eða annarri mynd (Sigurður Pálsson, 1998).

Dauðann getur borið að garði með mismunandi hætti, t.d. við fráfall fjölskyldumeðlims, vinar, starfsmanns í leikskóla eða dauða gæludýrs. Miklu máli skiptir hver færir barninu fréttir um dauðsfallið, helst þarf það að vera einhver innan fjölskyldunnar eða einhver sem þekkir barnið vel. Best er að taka barnið afsíðis þar sem hægt er að vera með því í næði. Mikilvægt er að segja frá því sem gerst hefur á skýran og einfaldan hátt, segja hlutinn beint út, nefna hlutina réttum nöfunum en ekki segja eitthvað sem getur verið misvísandi (Bragi Skúlason, 1994; Sigurður Pálsson, 1998).

Börn syrgja ekki síður en fullorðnir. Sorg barna er þó ekki eins samfelld og sorg fullorðinna. Börn dylja sorg sína fremur en fullorðnir (Sigurður Pálsson, 1998). Eins og fullorðnir þurfa börn að taka út sín eðlilegu viðbrögð við sorg. Börn þurfa á einhvern hátt að fá að syrgja með fjölskyldu sinni. Sorgin er erfiðust fyrir börnin sem gleymast í sorgarferlinu, fá enga leiðsögn og er þannig ýtt út í horn (Bragi Skúlason, 1994).

Börn eiga mjög erfitt með að skilja og greina andlegan sársauka sem verður vegna áfalla og til að halda honum í skefjum beita þau ýmsum varnarháttum og útilokunarviðbrögðum:

- Forðast hugsanir, samræður eða nokkuð sem minnir þau á áfallið.
- Útiloka áleitnar hugsanir um áfallið og mögulega hefta þannig hugsanir eða hugmyndaflug.
- Forðast þátttöku í viðburðum sem áður veittu ánægju vegna möguleika á endurupplifun áfallsins.
- Sannfæring þess að enginn skilji reynslu þeirra.
- Yfirþyrmandi einmannaleiki og draga sig því í hlé og einangra sig frá vinum og vandamönnum. (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999)

Mikilvægt er að leyfa börnum að spyrja um missinn og gráta og tala að vild. Ef engin tár koma, merkir það ekki að söknuður og elska séu ekki fyrir hendi. Það hjálpar barni að takast á við sorgina ef það hefur heimsótt hinn sjúka og fengið að fylgjast með að hverju stefndi. Andlátsfregn er ávallt áfall sem kallar fram einhver viðbrögð. Þá má ekki láta neitt koma sér á óvart í sambandi við fyrstu viðbrögð barna við missi. Viðbrögðin geta verið frá ákafri afneitun til sárrar örvæntingar. Sum börn láta kannski eins og ekkert sé að og sýna engin viðbrögð. Þau börn þurfa þá að fá að meðtaka það sem gerst hefur en það tekur tíma. Ef barn grætur, þá á að

leyfa því að gráta út. Tárin eru græðandi og jafnframt eðlileg tilfinningaleg viðbrögð heilbrigðra einstaklinga. Fyrstu viðbrögð barna við missi eru oft: látlausar spurningar, tilfinningadoði, söknuður, reiði, námsörðugleikar, ótti, deyfð, áfall og andmæli og láta sem ekkert hafi gerst. (Bragi Skúlason, 1994; Sigurður Pálsson, 1998).

Áfall getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir börn, bæði andlega og líkamlega. Neyðist barn til að bæla tilfinningar sínar þá getur það haft niðurrífandi áhrif á frumkvæði, sjálfsprottna og skapandi hugsun svo fátt eitt sé nefnt. Þetta getur gert það að verkum að barnið verður heft, lokað og vart um sig. Líkamleg viðbrögð við áfallinu geta aftur á móti birst sem höfuð-, maga-, og vöðvaverkir. Vöxtur getur hægt á sér og barnið farið aftur að pissa undir/á sig. Einnig eru dæmi þess að matarvenjur breytist (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999).

#### TAFLA 1. VIÐBRÖGÐ BARNNA VIÐ ÁFALLI OG SORG

**Áfall og andmæli:** börn fara í afneitun og trúa ekki því sem hefur gerst. Þetta eru alveg eðlileg viðbrögð við áfalli. Stundum gráta börn og stundum ekki. Barnið heldur sársaukanum fjarri, vegna þess að það er ekki tilbúið til að láta hann yfir sig ganga. Barnið fer síðan smá saman að horfast í augu við það sem hefur gerst.

**Ótti:** Öryggi barns sem hefur misst foreldri sitt er ógnað. Ef barn á eftirlifandi foreldri óttast barnið líka að missa það foreldri. Því er mikilvægt að gera barninu það strax ljóst að það njóti áframhaldandi öryggis og umönnunar. Einnig að sýna barninu umhyggju og sinna því vel.

**Deyfð:** Líkaminn dofnar og sársaukinn eykst síðan eftir því sem frá líður. Sum börn sýna engin viðbrögð við dauða einhvers nákomins ættingja. Þau eru hálf lömuð tilfinningalega og fjarræn. Þau hætta að leika sér og ef þau leika sér þá er leikurinn án allrar gleði. Þessi deyfð er rofin af sterkum tilfinningum eins og reiði eða sorg. Það gerist þegar það sem gerst hefur lýkst upp fyrir barninu.

**Að láta sem ekkert sé:** Barnið hlustar á það sem hinn fullorðni segir um andlát nákomins ættingja og bregst ekkert við, vill heldur t.d. bara fara aftur út að leika sér. Barnið sýnir engin viðbrögð. Sársauki barnsins er of mikill og það vill reyna að dreifa huganum með því að fara út að leika sér. Aðstoða þarf þessi börn af varfærni til þess að horfast í augu við það sem gerst hefur og jafnframt sýna þeim sérstaka nærgætni.

(Sigurður Pálsson 1998:19-20)

Taka þarf mið af þroska og aldri barns þegar hugsað er um hvort barn sé tilbúið til þess að vera viðstatt kistulagningar og útfarir. Ekki er fyrir ung börn að vera við útfararathöfnina því þau eru með takmarkaða þolinmæði. Einnig er útfararathöfnin löng og að okkar mati of löng fyrir ung börn. Börn skynja dauðann út frá sínum forsendum og eru þær forsendur réttar fyrir þau. Þau túlka þetta á sinn veg (Bragi Skúlason, 1994). Sumir reyna að forðast samskipti við fólk sem er að syrgja, af því að það veit ekki hvernig á að bregðast við. Sorg er eðlileg

viðbrögð við missi. Við missi er eitthvað tekið frá okkur og við fáum það ekki aftur-eitthvað sem er okkur kært. Sumir missa meira en aðrir (Gunnar Finnbogason, 1998).

### *Áfallahjálp*

Mikilvægt er að starfsmenn leikskóla séu meðvitaðir um viðbrögð barna við áföllum og viti hvernig eigi að bregðast við með viðeigandi hætti. Samkvæmt Hildi Helgadóttur og fleirum er áfallahjálp skammvinnnt tímabundið inngríp. Reynt er bregðast við eins fljótt og hægt er til að koma í veg fyrir áfallahugsýki. Áfallahjálp er ekki meðferð heldur aðstoð þar sem reynt er að beina einstaklingnum í rétta átt til að vinna úr tilfinningunum eftir áfallið. Það getur verið að hjálpa einstaklingnum að komast í samband við fagfólk en áfallahjálp felst einnig í því að vera til reiðu, hlusta og tryggja öryggi og kerfisbundna tilfinningalega úrvinnslu - - gefa einstaklingnum tækifæri til að koma orðum að hugsunum sínum, tilfinningum og viðbrögðum (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999). Innan veggja skólans er þetta eflaust sú aðferð sem leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskóla geta nýtt sér. Skapa grundvöll fyrir markvissri úrvinnslu þessara tilfinninga. Að ræða ekki áfallið gerir barninu/börnunum erfðara fyrir að takast á við það. Gera þarf ráð fyrir því í dagskipulaginu, vera með sérstakar stundir fyrir börnin fyrir utan það að vera stöðugt til staðar. Til að þetta fari sem best fram er gott að vera búinn að huga að allri forvinnu og forvörnum. Þar kemur áfallaráð til sögunnar.

Fullorðnir eru lykilpersónur þegar barn verður fyrir áfalli. Hvort heldur það eru foreldrar, leikskólakennarar eða aðrir uppalandur. Þeir þurfa að skapa barninu grundvöll og aðstæður til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar, viðurkenna sorg þeirra og hafa þolinmæði (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999). Samstarf heimili og skóla leggur góðan grunn og þurfa samskiptin þar á milli að vera góð. Mikilvægt er að foreldrar geri starfsmönnum leikskóla viðvart ef eitthvað hefur komið fyrir eða ef áfall er yfirvofandi, s.s. skilnaður foreldra barnsins, svo hægt sé að veita barninu stuðning og hjálpu (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999). Lendi barn í áfalli ber að varast miklar breytingar í lífi þess. Breyting á dagskipulagi barnsins ætti að forðast og hvað þá heldur að flytja það í annan skóla. Háttbundinn hrynjandi skólastarfsins sefar óttann og kvíðann sem börn upplifa í kjölfar áfalls (Margrét Ólafsdóttir, 1995).

Eins og áður segir eiga börn oft erfitt með að tala um áfallið því þeim skortir oft skilning á andlegum sársauka sínum og loka þá frekar á hann. Fólk í áfallaráði þarf að vera meðvitað um það að börn eiga auðveldara með að leika atburðinn og sviðsetja hann í hlutverkaleik því það eru aðstæður sem þau geta stjórnað. Samkvæmt Knutsdotter Olafsson býður þykjustu- og hlutverkaleikurinn upp á mesta möguleika til að vinna úr, skilja og ráða við reynsluna. Hann býður einnig upp á mesta möguleika í tilfinningatengdri úrvinnslu, allt innan öryggi ramma

leiksins. Aðrir hafa þó nefnt að teikningar hafi einnig mikið vægi til jafns við leikinn því í skapandi starfi hvort heldur leik eða öðru þá endurspeglir þau upplifanir sínar (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999). Fólk í áfallaráði þarf einnig að vera á varðbergi gagnvart því að uppalendurnir dylji ekki eigin tilfinningar og séu opnir við barnið og segi hlutina eins og þeir eru. Hafi einhver fallið frá er æskilegt að taka fram hluti sem minna á hinn látna og skoða myndaalbúm, semja ljóð o.fl. (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999).

Allir þurfa að hafa velferð barnanna að leiðarljósi, t.d. kirkjan, fjölskyldan og leikskólinn. Leikskólar þurfa að hafa nokkur mikilvæg atriði í huga áður en þeir veita börnum stuðning í sorg, t.d. að fræða þau um dauðann og hafa fræðslufni fyrir börn. Starfsfólk þarf að hafa þagnarskylduna í huga og hafa jafnframt greiðan aðgang að fagfólki (Bragi Skúlason, 1994). Gott er að hafa í huga að sorgin hefur mörg andlit, ekkert okkar mætir henni eins, en eitt er þó sameiginlegt, það er að sorgin veldur sársauka og tíma tekur að komast yfir hana (Sigurður Pálsson, 1998).

Í ljósi ofangreinds er mikilvægt að undirbúa og fræða fullorðna til að geta unnið með börnum sem orðið hafa fyrir áföllum og sorg.

### ***Áfallaráð, hlutverk þeirra og starfsemi***

Áfallaráð í leikskóla er teymi starfsmanna sem vill vera við öllu búið varðandi það að hlúa að börnum og starfsfólki sem verður fyrir áföllum og sorg. Meðlimir áfallaráða geta verið t.d. leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennarar, leiðbeinendur. Hlutverk áfallaráðs er að meta allar hugsanlegar hættur og vanda sem upp geta komið í skólastarfi, gera viðbragðsferla og kynna þá reglulega fyrir öllum starfsmönnum og börnum skólanna (Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, 2004).

Áfallaáætlun verður að vera til en áfallaráð viðheldur henni og bætir. Enginn veit hvað gerist næst en margir hafa ýmiskonar reynslu. Það sem öllum ber saman um, bæði fræðimönnum og leikmönnum, er að hlusta á þann sem er í áfalli og að hann fái að tjá sig óhindrað. Þess vegna er svo mikilvægt að hafa stór eyru, lítinn munn og opin faðm.

Hlutverk áfallaráðs er m.a. að kynna, viðhalda og uppfæra áfallaáætlunina, sjá um að hún verði kynnt fyrir nýju starfsfólki, standa fyrir æfingum og eftirliti hvers konar sem áætlunin kveður á um. Áfallaráð kemur á eða aðstoðar við að aðilar komist í samband við fagfólk og sérfræðinga sem tengjast eða eru í næsta nágrenni við leikskólann – prest, hjúkrunarfræðing, lækni, lögreglu, barnaverndar starfsmann o.fl. Best er að hafa verið í sambandi og gert samskiptasamkomulag áður en leikskólinn/ einstaklingurinn verður fyrir áfalli. Áfallaráð útbýr handbók og verkáætlun. Handbókin inniheldur almennar upplýsingar, áætlanir gagnvart

mismunandi áföllum o.fl. Verkáætlun inniheldur meðal annars hlutverkaskipan starfsmanna og hvernig æfa skal lykilstarfsmenn í hlutverk sitt, til dæmis hvernig þeir eiga að svara í síma í áfallaaðstæðum. Einnig ber áfallaráði að koma á nauðsynlegum námskeiðum fyrir starfsfólk, hafa tiltækt lesefni um áföll og samstillta áætlanir við nágrannaskóla (Júlíana Hilmarsdóttir, fyrirlestur KHÍ, 19. október 2006).

Í grein Margrétar Ólafsdóttur *Áföll í skóla* (1995) er bent á að áfallaráð sé skipað fólki sem fer með verkstjórn þegar válegir atburðir henda nemendum eða starfsfólk skólans. Æskilegast sé að vera með tilbúið áfallaráð sem er búið að koma saman og skipuleggja og leggja grunninn að allri forvinnu og forvörnum til að komast, með öllum mögulegum leiðum, hjá meiriháttar áföllum. Margrét talar einnig um þörfina á að leita til sálfræðinga og námsráðgjafa en þar sem leikskólar hafa ekki slíkt fólk í starfi þá þarf að leita utanaðkomandi aðstoðar þegar áfall dýnur á (Margrét Ólafsdóttir, 1995). Þó verið geti breytilegt hverjir sitja í áfallaráði frá einum atburði til annars, er að öllu jöfnu hægt að hafa einhvern ramma utan um hverjir það eru sem síðan er hægt að breyta. Áfallaráð hefur mikilvægu hlutverki að gegna innan skólans og þarf að undirbúa sig með margvíslegum hætti. Til dæmis þurfa þau að afla sér upplýsinga um sálræna skyndihjálp og áfallahjálp. Megin hlutverk þeirra er að skólinn haldi árvekni sinni með forvinnu og forvörnum en það má gera til dæmis með því að gera hættumat. Hættumat er listi yfir þau áföll sem skólinn og fólkinn innan hans gæti orðið fyrir. Þeim er síðan raðað í forgangs röð, þau viðráðanlegri neðar á listanum. Ekki er hægt að sjá allt fyrir en að slíkum undirbúningi býr maður engu að síður. Hættumat fyrir leikskóla gæti litið svona út:

- Það kviknar í leikskólanum.
- Barn slasast í vettvangsferð.
- Starfsmaður fremur sjálfsmorð.
- Starfsmaður beitir barn líkamlegu ofbeldi.
- Foreldri barns deyr.
- Náttúruhamfarir.

Eftir að listinn hefur verið gerður er reynt að finna út hvernig megi koma í veg fyrir þessi áföll. Til dæmis með því að kaupa farsíma sem yrðu notaðir í vettvangsferðum. Einnig er góð hugmynd að forvinnu leikskólakennara að skrifa nokkur vel valin orð sem hann gæti stuðst við þegar tala þarf við hvort heldur er barn eða foreldri. Það sparar ekki einungis vinnu,

leikskólakennarinn gæti átt erfitt með að finna réttu orðin til að segja á slíkri stundu og því gott að geta undirbúið sig án pressu (Margrétar Ólafsdóttur, 1995).

## ***Stefna Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar varðandi áfallaráð***

### **Kópavogur**

Í starfsmannahandbók Kópavogsbæjar er rætt um áföll og að mikilvægt sé að leikskólinn sé í stakk búinn til að bregðast við þegar börn eiga erfitt eða lenda í áföllum. Leikskólum er gert að gera áætlun þar sem lýst er hvernig brugðist er við áföllum í viðkomandi leikskóla og að áfallaráð skuli valið úr hópi starfsmanna. Starfsmannahandbókin er grunnur sem hver leikskóli notar til að byggja sína starfsemi og starfsmannastefnu á. Í henni eru ýmis stefnumótandi mál en líka alls kyns bæklingar og reglur ætlaðar starfsmönnum. Samkvæmt Sesselju Hauksdóttur leikskólafulltrúa Kópavogsbæjar (netskeyti 16. apríl, 2007) segir í kafla 4.7. *Áföll*: „Þegar lífið er börnum erfitt eru viðbrögð þeirra oft ólík viðbrögðum fullorðinna. Mikilvægt er að leikskólinn sé í stakk búinn til að bregðast við þegar börn eiga erfitt eða lenda í áföllum“. Við þetta á leikskólinn að bæta „vinnu“lýsingu á því hvernig brugðist er við áföllum innan skólans. Einnig segir í handbókinni að áfallaráð skuli valið úr hópi starfsmanna og upplýsingar um það hverjir skipi það ráð eigi að vera í starfsmannahandbókinni. Hverjum leikskóla er þannig gert að móta sína stefnu um viðbrögð við áföllum. Áfallaráð gegnir þarna lykilhlutverki því það þarf alltaf að taka á hverju áfalli á sérstakan hátt miðað við hver á í hlut og hvers eðlis áfallið er (Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, tölvupóstur 16. apríl, 2007).

### **Reykjavík**

Haldinn var fundur leikskólastjóra vorið 1999 þar sem lögð var fram hugmynd um vinnu að áætlun um hvernig leikskólar bæru sig að þegar válegir atburðir ættu sér stað er snertu börn, foreldra eða starfsfólk þeirra. Í kjölfar þess var efni unnið og samþykkt varðandi áföll og áfallaráð í leikskólum. Þann 16. október 2001 var síðan haldinn annar fundur leikskólastjóra og yfirmanna Leikskóla Reykjavíkur. Sigrún Einarsdóttir leikskólaráðgjafi kynnti niðurstöður nefndar sem skipuð hafði verið til að skilgreina og setja saman áætlun fyrir áfallaráð í leikskólum. Vinnureglur þessar voru síðan sendar út til leikskólanna og fyrirhuguð eru námskeið fyrir áfallaráð sem haldin verða á vegum Leikskóla Reykjavíkur á vorönn 2007. Reykjavíkurborg leggur til að áfallaráð sé skipað af leikskólastjóra sem er einnig ábyrgðaraðili. Mikilvægt er að í áfallaráði starfi fólk sem hefur áhuga og þekkingu á þessu viðfangsefni. Mikilvægt er að áfallaráð móti stefnu, fræði starfsfólk og geri áætlun um

viðbrögð við áföllum. Varðandi fræðslu fyrir starfsmenn hefur Jóhann Thoroddsen sálfræðingur haldið námskeið um áföll og áfallahjálp fyrir leikskólastarfsmenn á undanförunum árum (Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi á leikskólaskrifstofu Leikskóla Reykjavíkur, tölvupóstur 11. apríl, 2007)

## Rannsóknaraðferðir og framkvæmd

Rannsóknarspurningin í þessari rannsókn var: hvernig er starfsemi áfallaráða háttað í leikskólum í Reykjavík og Kópavogi? Hver er tíðni áfalla og virkni áfallaráða og hvaða leiða hefur leikskólinn leitað til að styðja við börn sem verða fyrir áfalli. Til að svara rannsóknarspurningunni var valin bæði eigindleg og megingindleg aðferðafræði.

### *Eigindleg aðferðafræði*

Við tókum þrjú viðtöl við fólk sem starfar í leikskóla til að afla gagna í því skyni að hanna spurningalista fyrir megingindlega hluta rannsóknarinnar ([án nafns], 2006a; [án nafna], 2006b, [án nafns], 2006c). Við þekktum til þessara þriggja leikskóla og vissum að þeir væru misvel staddir í sambandi við áfallaráð. Við vissum til þess að einn var með mjög skipulagt og ígrundað áfallaráð sem hafði betrubætt áfallaáætlun sína eftir hvert áfall. Við ákváðum að taka fyrir leikskóla sem væri illa í stakk búinn á þessu sviði og ræddum svo við starfsmann í þeim þriðja þar sem við höfðum óljósar hugmyndir um stöðu áfallaráðs innan hans. Með þessu vali okkar á leikskólum vildum við kanna mismun áfallaráða og vonuðumst til þess að það gæfi góða yfirsýn yfir mögulegar stöður þeirra í leikskólum innan samfélagsins. Samkvæmt Helgu Jónsdóttur (2003) er viðtal öflug gagnaöflunar aðferð. Við tókum óstöðluð einstaklingsviðtöl, þ.e. opin viðtöl við þrjá einstaklinga. Við bjuggum okkur til viðtalsramma (sjá fylgiskjal 1). Viðtalsramminn okkar var notaður til hliðsjónar í viðtalinu, en stýrði þó ekki viðtalinu. Viðmælandinn fékk að ráða ferðinni og talaði óhindrað. Tilgangur óstaðlaðra einstaklingsviðtala er að lýsa og jafnframt veita skilning á fyrirbærum í tilveru fólks. Þetta eru persónuleg viðtöl þar sem umræðuefnið er fyrirfram ákveðið. Mismunandi er hversu mikið viðmælendur kafa djúpt í viðfangsefnið sem um ræðir. Við beittum virkri hlustun og hlustuðum af athygli á það sem viðmælandinn sagði. Þegar búið var að taka viðtölin, afrituðum við þau inn í tölvu og kóðuðum þau síðan. Kóðun felur í sér að úr hverjum greinarskilum er fundið eitt eða fleiri lykilorð og sett fyrir framan hvern viðeigandi hluta. Það auðveldar úrvinnslu viðtalsins og vinnu með niðurstöðurnar (Helga Jónsdóttir, 2003).

Kostir viðtala eru margir, meðal annars er hægt að sjá takta og viðbrögð hjá fólki. Viðtöl eiga sér stað augliti til auglitis og verður því persónulegra. Þetta getur orðið til þess að rannsakandi spyr fleiri spurninga og ef viðmælandi svarar spurningu játandi eða neitandi getur hann spurt meira og farið þannig dýpra í viðfangsefnið (McMillan, 2004).

### ***Megindleg aðferðarfræði***


Við notuðumst einnig við megindlega aðferðarfræði. Við sendum rafrænt út spurningalista (sjá fylgiskjal 2) til allra almennra leikskóla í Reykjavík (80) og í Kópavogi (16), samtals 96. Þeir svöruðu síðan spurningalistunum í tölvunni og sendu aftur til baka rafrænt til okkar, svarhlutfallið var 68,8% í Kópavogi en 26,3% í Reykjavík eða 47,5% í heildina talið. Við fórum yfir alla spurningalista sem komu svaraðir til okkar og flokkuðum þá og settum svörin upp í súlurit.

Sá sem framkvæmir rannsókn þarf að vera hlutlaus í öllu ferlinu svo að það hafi ekki áhrif á það sem hann er að rannsaka. Með því að nota töluleg gögn (tölfræði) er áhersla lögð á reynsluhyggju (empiricism). Þessi tölfræði eða tölulegu gögn kallast megindleg aðferðarfræði. Megindlegar rannsóknir byggja á ýmsum þáttum t.d. tölum, tilraunum og mælingum. Við notuðumst við lýsandi rannsóknaraðferð, þar sem rannsakandinn hefur ekki nein bein áhrif á það sem á að rannsaka (non-experimental), ennfremur eru upplýsingar um magn og tíðni þess sem rannsakað er. Við sýnum niðurstöður könnunar okkar með því að setja niðurstöðurnar upp í súlurit (McMillan, 2004).

## Niðurstöður rannsóknar

Mikill munur var á svarhlutfalli sveitarfélaganna tveggja. Spurningalisti var lagður fyrir 16 leikskóla í Kópavogi. Þeir leikskólar sem svöruðu voru 11. Svarhlutfallið var því 68,8%. Spurningalistinn var einnig lagður fyrir 80 leikskóla í Reykjavík. Þeir leikskólar sem svöruðu voru 21. Svarhlutfallið var því 26,3%. Svarhlutfallið var því 42,5% betra í Kópavogi en í Reykjavík. Spurningalistinn sem lagður var fyrir leikskóla sveitarfélaganna samanstóð af 15 spurningum og eru svör þeirra kynnt hér á eftir með súluritum og prósentutölum. Fyrst eru kynnt svör frá leikskólum í Kópavogi, síðan frá Reykjavík.

### Kópavogur




**Súlurit 1. Hefur leikskólinn lent í áfalli?**

Í spurningu 1 var spurt um hvort leikskólinn hafi lent í áfalli. Níu leikskólar í Kópavogi svöruðu spurningunni játandi en 2 neitandi. Þetta sýnir að 81,8 % svaraði já en 18,2 % nei. Þetta segir okkur að flestir leikskólar í Kópavogi hafa lent í áfalli.

Já	81,8%
Nei	18,2%

**Tafla 2. Prósentutölur fyrir súlurit 1**




**Súlurit 2. Ef já - hvers konar áfalli?**

Þeir sem svöruðu já við spurningu eitt áttu að svara spurningu tvö. Níu leikskólar í Kópavogi svöruðu spurningu eitt játandi. Svörin skiptast í þrettán flokka. Í sumum leikskólaum hafa orðið fleiri en eitt áfall. Í súluritinu hér að ofan kemur fram að í átta leikskólanum hafa komið upp skilnaðir foreldra eða 21,1%. Í sjö leikskólum hefur einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum látist eða 18,4%. Í fjórum hefur komið upp vanræksla eða 10,5% og í fjórum hafa komið upp mál tengd einelti eða 10,5%. Í fjórum leikskólanum hafa foreldrar látist eða 10,5%. Í tveimur kom upp slys á börnum eða 5,3% og í tveimur leikskólum hefur barn starfsmanns fallið frá eða í 5,3% tilvika. Á tveimur leikskólum hafa komið upp alvarleg veikindi starfsmanns eða 5,3 %. Á einum leikskóla hafa komið upp alvarleg veikindi barns í leikskólanum eða 2,6%. Í einum leikskóla hafa verið alvarleg veikindi móður eða 2,6%. Í einum hefur komið upp líkamlegt ofbeldi eða 2,6%. Einn leikskóli í Kópavogi nefndi kynferðisleg misnotkun eða 2,6% og í einum kom upp langvarandi veikindi starfsmanns eða 2,6%.

Skilnaður foreldra barna	21,1%
Einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum lést	18,4%
Vanræksla	10,5%
Einelti	10,5%
Foreldri lést	10,5%
Slys á barni	5,3%
Barn starfsmanns lést	5,3%
Alvarleg veikindi starfsmanns	5,3%
Alvarleg veikindi barns	2,6%
Alvarleg veikindi móður	2,6%
Líkamlegt ofbeldi	2,6%
Kynferðisleg misnotkun	2,6%
Langvarandi veikindi starfsmanns	2,6%

**Tafla 3. Prósentutölur fyrir súlurit 2**

Taflan hér að ofan sýnir prósentutölur fyrir hvern flokk. Tölurnar sýna að skilnaður foreldra er algengasta orsök áfalla í leikskólum Kópavogs (21,1%) og annað algengasta áfallið er að einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum lést eða 18,4%.




**Súlurit 3. Finnst þér vera þörf fyrir áfallaráð á þínum leikskóla?**

Í spurningu þrjú var spurt hvort talin væri þörf fyrir áfallaráð í viðkomandi leikskóla. Tíu leikskólur í Kópavogi svöruðu spurningunni játandi – einn var hlutlaus. Þetta sýnir að 90,9 % svaraði játandi en 9,1 % voru hlutlaus.

Já	90,9%
Nei	9,1%

Tafla 4. *Prósentutölur fyrir súlurit 3*




Súlurit 4. *Er virkt áfallaráð starfandi?*

Í spurningu fjögur var spurt hvort virkt áfallaráð sé starfandi í leikskólanum. Þrír leikskólar í Kópavogi svöruðu játandi en sjö neitandi. Þetta sýnir að 70% svaraði nei en 30% já. Þetta segir okkur að flestir leikskólar í Kópavogi eru ekki með starfandi virkt áfallaráð.

Nei	70%
Já	30%

Tafla 5. *Prósentutölur fyrir súlurit 4*




Súlurit 5. *Ef já, eru fundir haldnir reglulega í áfallaráði?*

Ef leikskólinn svaraði já í fjórðu spurningu átti hann að svara spurningu númer fimm, um hvort fundir væru haldnir reglulega í áfallaráði. Tveir leikskólar í Kópavogi svöruðu

spurningunni neitandi en einn játandi. Þetta sýnir að 66,7% svöruðu nei en 33,3 % já. Þetta segir okkur að tveir leikskólar sem eru með virkt áfallaráð halda ekki reglulega fundi. Það er aðeins einn leikskóli í Kópavogi sem segist vera með starfandi virkt áfallaráð og framfylgir því.

Nei	66,7%
Já	33,3%

**Tafla 6. Prósentutölur fyrir súlurit 5**




**Súlurit 6. Hvað er langt síðan áfallaráð fundaði síðast?**

Í spurningu sex var spurt um hvað langt væri síðan áfallaráð fundaði síðast. Í spurningu fjögur kom fram að þrír leikskólar svöruðu þeirri spurningu játandi, því eru þrír leikskólar sem svara þessari spurningu. Einn leikskóli sagðist halda fundi eftir þörfum eða. Annar leikskóli sagðist síðast hafa haldið fund í viðkomandi mánuði, febrúar 2007, þegar könnunin var send út og sá þriðji sagðist hafa haldið síðasta fund í mánuðinum áður eða nánar tiltekið í janúar 2007. Þetta sýnir að mismunandi er hversu oft leikskólar halda fundi

Eftir þörfum	33,3%
Í þessum mánuði	33,3%
Í síðasta mánuði	33,3%

**Tafla 7. Prósentutölur fyrir súlurit sex**




**Súlurit 7. Hversu oft hefur áfallaráð komið saman, síðastliðið ár (2006)?**

Í spurningu sjö er spurt hversu oft áfallaráð hafi komið saman síðastliðið ár (2006). Allir þrír leikskólar Kópavogs sem svöruðu spurningu fjögur játandi svara að þeir hafi fundað 1-5 sinnum síðastliðið ár.

1-5 sinnum	100%
------------	------

**Tafla 8. Prósentutölur fyrir súlurit 7**




**Súlurit 8. Hverjir sitja í áfallaráði?**

Í spurningu átta var spurt hverjir sitja í áfallaráði. Mismunandi er hverjir og hversu margir starfa í áfallaráði á hverjum leikskóla. Súluritið sýnir að á þremur leikskólum eru deildarstjórar í áfallaráði eða 27,3%. Í tveimur leikskólum starfa tveir aðstoðarleikskólastjórar í áfallaráði eða 18,2% allra sem starfa í áfallaráði í leikskólum Kópavogs. Í tveimur leikskólum eru tveir leikskólastjórar í áfallaráði eða 18,2%. Í einum er leikskólakennari í

áfallaráði eða 9,1%. Í einum er leiðbeinandi í áfallaráði eða 9,1%. Í einum er verkefnastjóri í áfallaráði eða 9,1%. Í einum er leikskólasérkennari eða 9,1%.

Deildarstjóri	27,3%
Aðstoðarleikskólastjóri	18,2%
Leikskólastjóri	18,2%
Leikskólakennari	9,1%
Leiðbeinandi	9,1%
Verkefnasérkennari	9,1%
Leikskólasérkennari	9,1%

**Tafla 9. Prósentutölur fyrir súlurit 8**




**Súlurit 9. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við barnið/börnin?**

Í spurningu níu var spurt hvaða leiða leikskólinn leitaði til að styðja við barnið/börnin. Átta leikskólar notuðust við umræður eða 24,2%. Fimm leikskólar töluðu við sálfræðing eða 15,2%. Sjö leikskólar leituðu í sína eigin þekkingu eða 21,2%. Fjórir leikskólar ræddu við prest eða 12,1%. Tveir leikskólar leituðu til heilsugæslunnar eða 6,1%. Tveir leikskólar fengu prest í heimsókn eða 6,1%. Einn leikskóli leitaði í bækur eða 3,0%. Einn leikskóli leitaði til teymis sem veitir áfallahjálp eða 3,0%. Einn leikskóli talaði við heimilislækni eða 3,0%. Einn leikskóli leitaði sér þekkingar og ráða eða 3,0% og einn hélt fastri rútínu hjá barninu eða 3,0%. Þetta sýnir að fólk leitar mismunandi leiða þegar kemur að því að styðja við börnin. Sumir leita aðeins í sína eigin þekkingu en aðrir leita sér hjálpar hjá ýmsum sérfræðingum.

Umræður	24,2%.
Við leitum í okkar eigin þekkingu	21,2%
Talað var við sálfræðing	15,2%
Rætt við prest	12,1%
Talað var við heilsugæsluna	6,1%.
Prestur fenginn í heimsókn	6,1%
Leitað var í bækur	3,0%
Talað var við teymi sem veitir áfallahjálp	3,0%
Talað var við heimilislækni	3,0%
Leitum okkur þekkingar og ráða	3,0%
Halda fastri rútinu hjá barninu	3,0%

**Tafla 10. Prósentutölur fyrir súlurit 9**

Taflan hér að ofan sýnir okkur prósentutölur við hvern flokk. Tölurnar sýna að umræður (24,2%) er algengasta leiðin til að styðja við barnið í leikskólum Kópavogs og önnur algengasta leiðin er að leita í eigin þekkingu starfsfólksins eða 21,2%.



**Súlurit 10. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við starfsfólkið?**


Í spurningu tíu var spurt hvaða leiða leikskólinn leitaði til að styðja við starfsfólkið. Átta leikskólar fengu utanaðkomandi fræðslu eða 25,8%. Starfsfólk sex leikskóla fengu prest í heimsókn eða 19,4%. Á fimm leikskólum var leitað í bækur eða 16,1%. Á fjórum leikskólum fór starfsfólk á fyrirlestur eða 12,9%. Fjórir leikskólar sáu sjálfir um fræðslu eða 12,9%. Á

tveimur leikskólum voru notaðar umræður eða 6,5%. Einn leikskóli fékk áfallateymi til að fara yfir málin og leita leiða eða 3,2% og starfsmenn eins leikskóla fóru á námskeið eða 3,2%.

Fræðsla	25,8%
Prestur fenginn í heimsókn	19,4%
Bækur lesnar	16,1%
Fyrirlestur	12,9%
Sjálfsfræðsla	12,9%
Umræður	6,5%
Áfallateymi fór yfir málin og leitaði leiða	3,2%
Námskeið	3,2%

**Tafla 11. Prósentutölur fyrir súlurit 10**

Taflan hér að ofan sýnir prósentutölur við hvern flokk. Tölurnar sýna að fræðsla (25,8%) sé algengasta leiðin til að styðja við starfsfólk í leikskólum Kópavogs og önnur algengasta leiðin sé að fá prest í heimsókn eða 19,4%.




**Súlurit 11. Hvaða utanaðkomandi aðstoð fékk leikskólinn?**

Í spurningu 11 var spurt hvaða utanaðkomandi aðstoð leikskólinn fékk eftir áfall. Sex leikskólar í Kópavogi sögðust hafa talað við prest eða 60%. Þrír leikskólar sögðust hafa talað við sálfræðing eða 30% og einn leikskóli sagðist hafa leitað til djákna ásamt því að hafa leitað í lesefni eða 10%.

Talað var við prest	60%
Talað var við sálfræðing	30%
Leitað var til djákna og einnig var lesefni skoðað	10%

**Tafla 12. Prósentutölur fyrir súlurit 11**




**Súlurit 12. Hvað finnst þér að einstaklingar innan áfallaráðs eigi að hafa til að bera? Hvað er mikilvægast?**

Í spurningu 12 var spurningin hvað fólki fannst mikilvægast að einstaklingur innan áfallaráðs eigi að hafa til að bera. Það sem leikskólum Kópavogs fannst mikilvægast er heilbrigð skynsemi eða 41,2%, reynsla 23,5%, að þeir séu ábyrgðarfullir 23,5%, að njóta trausts og hafa samkennd og kunna að hlusta 5,9% og sterk persóna 5,9%.

Heilbrigð skynsemi	41,2%
Reynsla	23,5%
Ábyrgðarfullir	23,5%
Njóta trausts og hafa samkennd og kunna að hlusta	5,9%
Sterk persóna	5,9%

**Tafla 13. Prósentutölur fyrir súlurit 12**




**Formatted:** Line spacing: single

**Súlurit 13. Er áfallaáætlun til í leikskólanum?**

Í spurningu þrettán var spurt um hvort áfallaáætlun væri til í leikskólanum. Átta svöruðu neitandi eða 72,7% en þrjár játandi eða 27,3%.

Nei	72,7%
Já	27,3%

**Tafla 14. Prósentutölur fyrir súlurit 13**




**Súlurit 14. Ef já, er áfallaáætlunin endurskoðuð eftir hvert áfall og betrubætt?**

Þeir sem svöruðu spurningu þrettán játandi áttu að svara spurningu fjórtán um hvort áfallaáætlun væri endurskoðuð eftir hvert áfall og betrubætt. Tveir leikskólar í Kópavogi svöruðu spurningunni neitandi en 1 játandi. Þ.e. 66,7% svöruðu nei en 33,3 % já.

Nei	66,7%
Já	33,3%

Tafla 15. Prósentutölur fyrir súlurit 14



Súlurit 15. Hvar leitið þið að fræðsluefni um áföll?

Í spurningu fimmtán var spurt hvar leikskólinn leitaði að fræðsluefni um áföll. Mismunandi er hvar starfsfólk leikskóla leitaði eftir fræðsluefni og sumir leituðu að efni á fleiri en einum stað. Sex sögðust hafa leitað eftir efni á bókasafni eða 28,6%. Fimm leikskólar leituðu til presta og djákna eða 23,8%. Fjórir nefndu Kirkjuhúsið á Laugarvegi eða 19,0%. Einn leikskóli leitaði til kirkjunnar eða 4,8%. Starfsfólk eins leikskóla leitaði á internetinu eða 4,8%. Einn leikskóli leitaði til Krabbameinsfélagsins eða 4,8%. Einn leikskóli tók fag hjá Gunnar Finnbogasyni um *Sorg og áföll* eða 4,8%. Einn leikskóli leitaði eftir sálfræðiþjónustu eða 4,8% og einn keypti bækur eða 4,8%.


Á bókasafni	28,6%
Hjá prestum og djáknum	23,8%
Í Kirkjuhúsinu á Laugarvegi	19,0%
Í kirkjum	4,8%
Á internetinu	4,8%
Leituðum til Krabbameinsfélagsins	4,8%
Tókum fag hjá Gunnari Finnbogasyni um <i>Sorg og áföll</i>	4,8%
Leitað var eftir sálfræðiþjónustu	4,8%
Keyptum bækur	4,8%

**Tafla 16. Prósentutölur fyrir súlurit 15**

Taflan hér að ofan sýnir prósentutölur við hvern flokk. Tölurnar sýna að bókasafn sé algengasta leiðin til að leita eftir fræðsluefni um áföll skv. leikskólum í Kópavogi eða 28,6%. Önnur algengasta leiðin er að leita til presta og djákna eða 23,8%.

### **Reykjavík**

Eins og áður hefur komið fram var spurningalistinn lagður fyrir 80 leikskóla í Reykjavík. Svör þeirra eru kynnt hér á eftir.




**Súlurit 16. Hefur leikskólinn lent í áfalli?**

Í spurningu eitt var spurt hvort leikskólinn hafi lent í áfalli. Nítján leikskólar í Reykjavík svöruðu spurningunni játandi (90,5 %) en tveir neitandi (9,5 %). Þetta segir okkur að flestir leikskólar í Reykjavík hafa lent í áfalli.

Já	90,5%
Nei	9,5%

Tafla 17. Prósentutölur fyrir súlurit 16




Súlurit 17. Ef já, hvers konar áfalli?

Þeir sem svöruðu já við spurningu eitt áttu einnig að svara þessari spurningu um hvers konar áfalli leikskólinn lenti í. Nítján leikskólar í Reykjavík svöruðu spurningu eitt játandi. Hér að ofan sést dreifing þeirra nítján leikskóla um hvers konar áfalli þeir hafa lent í. Sumir leikskólar hafa lent í fleiri en einu áfalli. Í fjórtán leikskólum hafa komið upp skilnaðir foreldra eða 30,4%. Í ellefu leikskólum hefur einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum látist eða 23,9%. Á fjórum leikskólum hefur foreldri barns látist eða 8,7%. Innan þriggja leikskóla hefur barn starfsmanns fallið frá eða 6,5% af öllum þeim áföllum sem komið hafa upp á leikskólum Reykjavíkur. Á þremur hefur komið upp vanræksla eða 6,5%. Á tveimur leikskólum hafa börn látist eða 4,3% og á tveimur hafa komið upp mál tengd einelti eða 4,3%. Á einum leikskóla lést foreldri starfsmanns eða 2,2%. Á einum leikskóla lést starfsmaður eða 2,2%. Í einum leikskóla kom upp að fyrirverandi starfsmaður lést eða 2,2%. Í einum leikskóla í Reykjavík kom upp veikindi foreldris eða 2,2%, einum slys á barni eða 2,2%. Einnig kom upp alvarleg veikindi barns eða 2,2% og einn leikskóli nefndi kynferðisleg misnotkun eða 2,2%.

Skilnaður foreldra barna	30,4%
Einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum lést	23,9%
Foreldri lést	8,7%
Barn starfsmanns lést	6,5%
Vanræksla	6,5%
Barn lést	4,3%
Einelti	4,3%
Foreldri starfsmanns lést	2,2%
Starfsmaður lést	2,2%
Fyrirverandi starfsmaður lést	2,2%
Veikindi foreldris	2,2%
Slys á barni	2,2%
Alvarleg veikindi barns	2,2%
Kynferðisleg misnotkun	2,2%

**Tafla 18. Prósentutölur fyrir súlurit 17**

Taflan hér að ofan sýnir prósentutölur fyrir hvern flokk. Tölurnar sýna að skilnaður foreldra sé algengasta orsök áfalla í leikskólum Reykjavíkur (30,4%) og annað algengasta áfallið er að einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum lést eða 23,9%.




**Súlurit 18. Finnst þér vera þörf fyrir áfallaráð á þínum leikskóla?**

Í spurningu 3 var spurt hvort þörf væri fyrir áfallaráð á viðkomandi leikskóla. Tuttugu og einn leikskóli í Reykjavík svöruðu spurningunni játandi eða 100%.

Já	100%
----	------

Tafla 19. Prósentutölur fyrir súlurit 18




Súlurit 19. *Er virkt áfallaráð starfandi?*

Í spurningu fjögur var spurt hvort virkt áfallaráð væri starfandi á viðkomandi leikskóla. Sautján leikskólar í Reykjavík svöruðu spurningunni játandi (81,0%) en fjórir neitandi (19,0%). Þetta sýnir að flestir leikskólar í Reykjavík sem svöruðu spurningalistunum eru með starfandi virkt áfallaráð.

Já	81,0%
Nei	19,0%

Tafla 20. Prósentutölur fyrir súlurit 19




Súlurit 20. *Ef já, eru fundir haldnir reglulega í áfallaráði?*

Ef viðkomandi leikskóli svaraði fjórðu spurningu játandi átti hann að svara spurningu fimm hvort haldnir væru fundir reglulega í áfallaráði. Níu leikskólar í Reykjavík svöruðu spurningunni játandi (56,3%), sex neitandi (37,5 %) og einn sagðist funda eftir þörfum (6,3%).

Já	56,3%
Nei	37,5%
Eftir þörfum	6,3%

**Tafla 21. Prósentutölur fyrir súlurit 20**




**Súlurit 21. Hvað er langt síðan áfallaráð fundaði síðast?**

Í spurningu sex var spurt hve langt væri síðan áfallaráð fundaði síðast. Í spurningu fjögur svöruðu sautján leikskólar þeirri spurningu játandi. Sextán leikskólar svöruðu spurningu fimm en einn ekki. Áttán leikskólar svöruðu spurning sex. Tíu leikskólar sögðust hafa haldið síðasta fund fyrir minna en hálfu ári síðan eða 55,6%. Tveir leikskólar sögðust halda fundi eftir þörfum eða 11,1% . Tveir leikskólar sögðust hafa haldið fund síðast fyrir meira en hálfu ári síðan eða 11,1%. Tveir leikskólar sögðust síðast hafa haldið fund í viðkomandi mánuði (febrúar 2007) eða 11,1%. Einn leikskóli sagðist hafa haldið fund fyrir einu ári síðan eða 5,6% og einn í síðasta mánuði eða í janúar 2007 eða 5,6%. Þetta sýnir að mismunandi er hvenær leikskólar halda fundi og hversu oft.

Minna en hálf ár síðan	55,6%
Eftir þörfum	11,1%
Meira en hálf ár síðan	11,1%
Í þessum mánuði	11,1%
Heilt ár síðan	5,6%
Í síðasta mánuði	5,6%

**Tafla 22. Prósentutölur fyrir súlurit 21**




**Súlurit 22. Hversu oft hefur áfallaráð komið saman, síðastliðið ár (2006)?**

Í spurningu sjö er spurt hversu oft áfallaráð hefur komið saman síðastliðið ár (2006). Þrettán leikskólar í Reykjavík sem svöruðu spurningu fjögur játandi svara að þeir hafi fundað 1-5 sinnum síðastliðið ár eða 81,3%. Einn leikskóli 5-10 sinnum eða 6,3%, einn 10-15 sinnum eða 6,3% og einn vikulega eða 6,3%. Langflestir leikskólar fundu því 1-5 sinnum á ári.

1-5 sinnum	81,3%
5-10 sinnum	6,3%
10-15 sinnum	6,3%
Vikulega	6,3%

**Tafla 23. Prósentutölur fyrir súlurit 22**




**Súlurit 23. Hverjir sitja í áfallaráði?**

Í spurningu átta var spurt hverjir sitji í áfallaráði. Mismunandi er hverjir og hversu margir starfa í áfallaráði í hverjum leikskóla. Súluritið sýnir að á 17 leikskólum starfa 17 leikskólastjórar í áfallaráði eða 30,9% allra sem starfa í áfallaráði í leikskólum Reykjavíkur. Í fimmtán leikskólum eru deildarstjórar í áfallaráði eða 27,3%. Í 14 leikskólum eru aðstoðarleikskólastjórar í áfallaráði eða 25,5%. Í sex eru leiðbeinendur í áfallaráði eða 10,9%. Í tveimur eru leikskólakennarar í áfallaráði eða 3,6%. Í einum er sérkennslustjóri í áfallaráði eða 1,8%.

Leikskólastjóri	30,9%
Deildarstjórar	27,3%
Aðstoðarleikskólastjóri	25,5%
Leiðbeinandi	10,9%
Leikskólakennari	
Leikskólakennari	3,6%
Sérkennslustjóri	1,8%

**Tafla 24. Prósentutölur fyrir súlurit 23**




**Súlurit 24. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við barnið/börnin?**

Í spurningu níu var spurt hvaða leiða leikskólinn leitaði til að styðja við barnið/börnin. Mismunandi er hvaða leiða hver leikskóla leitaði en gaman er að sjá að sumir leituðu fjölbreyttra leiða til að styðja við barnið. Í sextán leikskólum studdist starfsfólk við sína eigin þekkingu eða 29,6%. Í fjórtán leikskólum var notast við umræður eða 25,9%. Sjö leikskólar töluðu við sálfræðing eða 13,0%. Sex leikskólar ræddu við prest eða 11,1%. Þrír leikskólar fengu prest í heimsókn eða 5,6%. Tveir leikskólar leituðu til teymis sem veitir áfallahjálp eða 3,7%. Einn leikskóli skoðaði bækur með börnunum eða 1,9% og einn leikskóli notaðist við *Stig af stigi* eða 1,9%. Einn leikskóli notaðist við foreldraviðtöl og hafði einnig samráð um viðbrögð til að hjálpa barni eða 1,9% og í einum leikskóla var leitað til Krabbameinsfélagsins eða 1,9%. Í einum var lögð áhersla á gott foreldrasamstarf eða 1,9% og einn talaði við Barnahús, Barnavernd og Félagsþjónustuna eða 1,9%. Þetta sýnir að fólk leitar mismunandi leiða þegar kemur að því að styðja við börnin.

Við leitum í okkar eigin þekkingu	29,6%
Umræður	25,9%
Talað var við sálfræðing	13,0%
Rætt við prest	11,1%
Prestur fenginn í heimsókn	5,6%
Talað var við teymi sem veitir áfallahjálp	3,7%
Bækur voru skoðaðar með börnunum	1,9%
<i>Stig af stigi</i>	1,9%
Foreldraviðtöl og einnig voru höfð samráð um viðbrögð til að hjálpa barni	1,9%
Krabbameinsfélagið	1,9%
Gott foreldrasamstarf	1,9%
Talað var við Barnahús, Barnavernd og Félagsþjónustuna	1,9%

**Tafla 25. Prósentutölur fyrir súlurit 24**

Taflan hér að ofan sýnir prósentutölur fyrir hvern flokk. Algengasta leiðin til að styðja við börn í leikskólum Reykjavíkur er að byggja á eigin þekkingu starfsfólks (29,6%). Önnur algengasta leiðin er umræður eða 25,9%.



**Súlurit 25. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við starfsfólkið?**


Í spurningu 10 var spurt hvaða leiða viðkomandi leikskóli leitaði til að styðja við starfsfólkið. Í tólf leikskólum var fengin utanaðkomandi fræðsla eða 21,8%. Í tíu leikskólum fór starfsfólk á fyrirlestur eða 18,2%. Í níu leikskólum var stuðst við bækur eða 16,4%. Í átta leikskólum fór starfsfólk á námskeið eða 14,6%. Sex leikskólar fengu prest í heimsókn eða 10,9%. Í fjórum leikskólum sá starfsfólkið sjálft um fræðsluna eða 7,3%. Tveir leikskólar notuðu umræður eða 3,6%. Tveir leikskólar fengu sálfræðing í heimsókn eða 3,6%. Í einum leikskóla var stuðst við eigin þekkingu starfsfólks eða 1,8% og einn leikskóli fékk áfallahjálp í kirkju að kveldi eða

1,8%. Þetta sýnir að leikskólarnir leituðu mismunandi leiða þegar kom að því að styðja við starfsfólk sitt.

Fræðsla	21,8%
Fyrirlestur	18,2%
Bækur lesnar	16,4%
Námskeið	14,6%
Prestur fenginn í heimsókn	10,9%
Sjálfsfræðsla	7,3%
Umræður	3,6%
Sálfræðingur fenginn í heimsókn	3,6%
Eigin þekking	1,8%
Áfallahjálp í kirkju að kveldi	1,8%

**Tafla 26. Prósentutölur fyrir súlurit 25**

Taflan hér að ofan sýnir prósentutölur við hvern flokk. Tölurnar sýna að fræðsla (21,8%) sé algengasta leiðin til að styðja við starfsfólk í leikskólum Reykjavíkur og önnur algengasta leiðin sé fyrirlestur eða 18,2%.



**Súlurit 26. Hvaða utanaðkomandi aðstoð fékk leikskólinn?**


Í spurningu 11 var spurt hvaða utanaðkomandi aðstoð leikskólinn fékk eftir áfall. Átta leikskólar í Reykjavík sögðust hafa talað við prest eða 44,4%. Sex leikskólar sögðust hafa talað við sálfræðing eða 33,3%. Einn leikskóli sagðist ekki hafa fengið neina utanaðkomandi aðstoð eða 5,6% en annar leikskóli talaði við leikskólafulltrúa og yfirmann Leikskóla

Reykjavíkur eða 5,6%. Einn leikskóli talaði við aðra leikskólastjóra þar sem svipuð áföll höfðu orðið eða 5,6% og einn leikskóli talaði við Barnahús, Barnavernd og Félagsþjónustuna eða 5,6%.

Talað var við prest	44,4%
Talað var við sálfræðing	33,3%
Enga	5,6%
Talað var við leikskólafulltrúa og yfirmann Leikskóla Reykjavíkur	5,6%
Talað var við aðra leikskólastjóra þar sem svipuð áföll hafa orðið	5,6%
Talað var við Barnahús, Barnavernd og Félagsþjónustuna	5,6%

**Tafla 27. Prósentutölur fyrir súlurit 26**

Þetta sýnir að langflestir leita til prests þegar þeim vantar utanaðkomandi aðstoð.




**Súlurit 27. Hvað finnst þér að einstaklingur innan áfallaráðs eigi að hafa til að bera? Hvað er mikilvægast?**

Í spurningu 12 var spurt hvað fólki finnst mikilvægast að einstaklingur innan áfallaráðs eigi að hafa til að bera. Það sem starfsfólki í leikskólum Reykjavíkur fannst mikilvægast er heilbrigð skynsemi eða 30,0%, reynsla 22,5%, að þeir séu ábyrgðarfullir einstaklingar 22,5% og sterk persóna 17,5%. Einnig að sýna atburðinum virðingu án þess að dvelja of lengi við áfallið 2,5%, hafa menntun í þessum fræðum 2,5% og að vera skilningsríkir og geta sett sig í spor annarra ásamt því að hafa hjartahlýju 2,5%.

Heilbrigð skynsemi	30,0%
Reynsla	22,5%
Ábyrgðarfullir	22,5%
Sterk persóna	17,5%
Sýna atburðinum virðingu án þess að dvelja og lengi við áfallið	2,5%
Hafa menntun í þessum fræðum	2,5%
Skilningsríkir og geta sett sig í spor annarra, einnig að hafa hjartahlýju	2,5%

**Tafla 28. Prósentutölur fyrir súlurit 27**




**Súlurit 28. Er áfallaáætlun til í leikskólanum?**

Í spurningu 13 var spurt hvort áfallaáætlun væri til í leikskólanum. Fimmtán sögðu já eða 71,4%, fimm sögðu nei eða 23,8%, ein áfallaáætlun er í mótun eða 4,8%.

Já	71,4%
Nei	23,8%
Er í mótun	4,8%

**Tafla 29. Prósentutölur fyrir súlurit 28**




**Súlurit 29. Ef já, er áfallaáætlunin endurskoðið eftir hvert áfall og betrubætt?**

Þeir sem svöruðu spurningu 13 játandi hvort áfallaáætlun væri til í leikskólanum áttu að svara spurningu 14 um hvort áfallaáætlunin væri endurskoðuð eftir hvert áfall og betrubætt.

Þrettán leikskólar í Reykjavík svöruðu spurningunni játandi (86,7%). Tveir leikskólar höfðu ekki lent í áfalli (13,3%) en sögðu að þeir myndu endurskoða áfallaáætlunina eftir hvert áfall og betrubæta hana ef til kæmi.

Já	86,7%
Höfum ekki lent í áfalli en við myndum gera það ef til kæmi	13,3%

**Tafla 30. Prósentutölur fyrir súlurit 29**



**Súlurit 30. Hvar leitið þið að fræðsluefni um áföll?**

Í spurningu 15 var spurt hvar leikskólinn leitaði að fræðsluefni um áföll. Mismunandi er hvar leikskólarnir leituðu eftir fræðsluefni og gaman var að sjá að sumir leituðu fjölbreyttra leiða. Sumir leikskólar leituðu að efni á fleiri en einum stað. Tólf leikskólar leituðu eftir efni á bókasafni eða 26,1%. Á níu leikskólum var leitað til presta og djákna eða 19,6%. Sex leikskólar fóru í Kirkjuhúsið á Laugavegi eða 13,0%. Á fjórum leikskólum var leitað á Internetinu eða 8,7%. Á þremur leikskólum var leitað í bókum og ritgerðum eða 6,5%. Tveir

leikskólar fengu fræðsluefni gefins eða keyptu það 4,4%. Tveir leikskólar leituðu til kirkjunnar eða 4,4%. Starfsfólk tveggja leikskóla sóttu fyrirlestra og námskeið eða 4,4%. Á einum leikskóla var leitað til heilsugæslunnar eða 2,2% og á einum var notast við áfallahandbók sem gefin var út árið 2006 eða 2,2%. Á einum var leitað til leikskóla sem var með mikla reynslu í þessum málum eða 2,2%. Á einum leikskóla var leitað til leikskólakennara sem voru í námi en störfuðu jafnframt á viðkomandi leikskóla eða 2,2%. Á einum leikskóla skoðaði starfsfólk heimasíðu *Nýrrar dögunar* eða 2,2% og á einum leikskóla viðaði starfsfólk að sér ýmsum greinum eða 2,2%.

Á bókasafni	26,1%
Hjá prestum og djáknum	19,6%
Í Kirkjuhúsinu á Laugarvegi	13,0%
Á Internetinu	8,7%
Í bókum og ritgerðum	6,5%
Fræðsluefni gefins eða keypt	4,4%
Í kirkjum	4,4%
Fyrirlestrar og námskeið	4,4%
Leitað var til heilsugæslunnar	2,2%
Áfallahandbók sem gefin var út árið 2006	2,2%
Leitað var til leikskóla sem var með mikla reynslu í þessum málum	2,2%
Leikskólakennari í háskólanámi, tengdu starfi þaðan kemur mikið efni	2,2%
Heimasíða <i>Nýrrar dögunar</i> skoðuð	2,2%
Við höfum safnað að okkur alls konar greinum	2,2%

**Tafla 31. Prósentutölur fyrir súlurit 30**

Taflan hér að ofan sýnir prósentutölur við hvern flokk. Tölurnar sýna að bókasafn sé algengasta leiðin til að leita eftir fræðsluefni um áföll skv. leikskólum í Reykjavík (26,1%) og önnur algengasta leiðin er að leita til presta og djákna eða 19,6%.

## Umræður og ályktanir

Í þessum kafla verður fjallað um markverðustu niðurstöður rannsóknarinnar.

Eins og fram kemur í niðurstöðum hafa 81,8% leikskóla í Kópavogi, sem tóku þátt í rannsókninni, lent í áföllum en 90,5% í Reykjavík. Í Reykjavík eru það 9,5% sem hafa ekki lent í áföllum og 18,2% sem ekki hafa lent í áföllum í Kópavogi. Langflestir leikskólar í tveimur sveitarfélögum hafa lent í áfalli og hafa einungis fjórir leikskólar samanlagt í þessum báðum sveitarfélögum ekki lent í áföllum. Það kemur eflaust fáum á óvart hve algeng leikskólar sveitarfélaganna segja áföll tengd leikskólanum vera. Allir lenda í áföllum, börn jafnt sem fullorðnir. Því verður forvitnilegt að bera saman hvort þessi sveitarfélög séu með áfallaráð og áfallaáætlanir. Miðað við hversu margir hafa lent í áfalli ættu allir að hafa hvorutveggja.

Leikskólar í sveitarfélögunum tveimur hafa lent í margvíslegum áföllum og munum við bera saman tvo efstu flokka í hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Í leikskólum í Kópavogi er skilnaður foreldra algengasta orsök áfalla (21,1%) og annað algengasta áfallið er að einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum lést (18,4%). Í Reykjavík eru flokkarnir í sömu röð og í Kópavogi nema prósentutölurnar eru öðruvísi. Skilnaður foreldra er algengasta orsök áfalla í leikskólum Reykjavíkur (30,4%) og annað algengasta áfallið er að einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum lést (23,9%).

Flest allir sem svöruðu töldu vera þörf fyrir áfallaráð í sínum leikskóla. Í Kópavogi svöruðu 90,9 % spurningunni játandi en var 9,1 % hlutlaus en í Reykjavík svöruðu allir spurningunni játandi (100%). Þetta sýnir okkur að leikskólar í báðum sveitarfélögum eru langflestir sammála um mikilvægi áfallaráðs í þeirra leikskóla. Mjög forvitnilegt er að sjá að 90,9% leikskóla í Kópavogi telja vera þörf fyrir áfallaráð í sínum leikskóla en einungis 30% þessara leikskóla segjast vera með virkt áfallaráð. Í Reykjavík svöruðu 100% þeirra sem svöruðu að þeir telji vera þörf fyrir áfallaráð í sínum leikskóla en einungis 81% þeirra segjast vera með virkt áfallaráð. Mikill munur er á milli sveitarfélaganna, langflestir telja áfallaráð vera mikilvægt en eru hins vegar mis dugleg við að framfylgja því eins og tölurnar hér að ofan sýna. Niðurstöður sýna jafnframt að mismunandi er hversu oft leikskólar í þessum sveitarfélögum halda fundi, en flestir sem halda fundi á annað borð gerðu það 1-5 sinnum á síðastliðnu ári (2006).

Engan furðar hve sammála sveitarfélögin eru um þörfina á áfallaráði inni á sínum leikskóla. Þegar litið er til heimilda leggja þau mikla áherslu á mikilvægi áfallaráða innan

leikskóla og að þau hafi komið saman og lagt grunninn að allri forvinnu og forvörnum til að vera í stakk búin þegar áföll verða (Margrét Ólafsdóttir 1995). Starfsmannahandbók Kópavogsbæjar tilgreinir það einnig að mikilvægt sé að leikskólar séu sem best í stakk búnir til að bregðast við þegar börn eiga erfitt eða lenda í áföllum (Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, netskeyti 16. apríl, 2007). Reykjavíkurborg hefur þegar hafist handa við fræðslu á þessu sviði og hafa vinnureglur verið sendar út í leikskólana um áfallaráð og starfsemi þeirra. Skoðun leikskóla sveitarfélagana sem tóku þátt í rannsókninni og heimilda ber því saman um mikilvægi áfallaráða innan leikskólans.

Þegar viðkemur skipan í þau áfallaráð sem fyrir eru í sveitarfélögunum sést glögglega að algengara er að hæstráðandi starfsmenn leikskólans sitji þar. eru þar nefndir leikskólastjórar, deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjórar. Í Kópavogi er algengast að deildarstjórar (27,3%), leikskólastjórar (18,2%), og aðstoðarleikskólastjórar (18,2%) starfi í áfallaráði en í Reykjavík eru prósentutölurnar öðruvísi eða deildarstjórar (27,3%), leikskólastjórar (30,9%) og aðstoðarleikskólastjórar (25,5%). Þrír algengustu flokkarnir eru alveg eins á milli sveitarfélaga þó að prósentutölurnar séu ekki eins. Í Reykjavík er algengast að leikskólastjórar starfi í áfallaráði en í Kópavogi eru það deildarstjórar. Það er því ekki eins í prósentutölum hverjir starfa í áfallaráðum á leikskólum þessara tveggja sveitarfélaga þó að sumt sé þó svipað.

Mikilvægt er að hafa getuna til að leita sér aðstoðar ef áfall verður og vita hvert á að leita. Áföll eru mismunandi og ekki er hægt að bregðast eins við þeim öllum. Því er ákjósanlegast að vita hvar og hvernig hægt er að afla sér upplýsingar, börnum til stuðnings. Í Kópavogi eru umræður (24,2%) algengasta leiðin til að styðja við barnið í leikskólum Kópavogs og önnur algengasta leiðin er að leita í eigin þekkingu starfsfólksins eða 21,2%. Í Reykjavík er þessu öfugt farið. Algengasta leiðin til að styðja við barnið í leikskólum Reykjavíkur er að leita í eigin þekkingu starfsfólks eða 29,6% og önnur algengasta leiðin er umræður eða 25,9%. Þó að prósentutölurnar séu mismunandi þá eru efstu tveir flokkarnir þeir sömu, þannig að þessi tvö sveitarfélög nota í meginatriðum sömu leiðir til að styðja við barnið í leikskólanum.

Í Kópavogi er fræðsla (25,8%) algengasta leiðin til að styðja við starfsfólk í leikskólum Kópavogs og önnur algengasta leiðin er að fá prest í heimsókn eða 19,4%. Í Reykjavík er fræðsla (21,8%) algengasta leiðin til að styðja við starfsfólk í leikskólum Reykjavíkur og önnur algengasta leiðin er að fá fyrirlestur eða 18,2%. Margar aðrar leiðir eru farnar til að styðja við starfsfólk í leikskólum þessara tveggja sveitarfélaga. Það teljum við vera af hinu góða því ætla má að því fjölbreyttari leiðir sem farnar eru því betra, einkum ef starfsmenn og þeirra hagur er hafður í fyrirrími.

Í báðum sveitarfélögum var algengasta aðferðin til að leita eftir utanaðkomandi aðstoð að leita til prests. Í Kópavogi 60% en í Reykjavík 44,4%. Í öðru sæti var að tala við sálfræðing, í Kópavogi 30% en í Reykjavík 33,3%. Greinilegt er að leikskólarnir leita ekki eins leiða til að leita eftir utanaðkomandi aðstoð eins og sést í súluritunum í niðurstöðunum. Engin ein leið er rétt í þessum málum og margir þættir sem hafa þarf í huga við val á aðstoð.

Mismunandi var hvað leikskólum fannst mikilvægast að einstaklingur innan áfallráðs hefði til að bera. Í Kópavogi fannst fólki heilbrigð skynsemi mikilvægust (41,2%), reynsla (23,5%) og að þeir væru ábyrgðafullir (23,5%). Í Reykjavík fannst fólki einnig heilbrigð skynsemi mikilvægust (30%), reynsla (22,5%) og að þeir væru ábyrgðarfullir (22,5%). Það er athyglisvert að það sem fólki fannst mikilvægast í þessum tveimur sveitarfélögum var eins hjá báðum sveitarfélögum þó að prósentutölurnar séu ekki alveg eins. Þetta sýnir okkur að leikskólar í þessum sveitarfélögum hljóta að leggja sömu áherslu á hverjir starfa í áfallaráði og hvað þeir hafi til að bera.

Í Kópavogi voru flestir leikskólar ekki með áfallaáætlun eða 72,2% en 27,3% voru með áfallaáætlun. Í Reykjavík sögðust 71,4% leikskóla vera með áfallaáætlun, 23,8% sögðust ekki vera með áfallaáætlun og 4,8% sögðu að áfallaáætlunin væri í mótun. Þetta eru mjög athyglisverðar niðurstöður þar sem mikill munur er á sveitarfélögunum tveimur varðandi hvort þeir eru með áfallaáætlun eða ekki. Kópavogur er ekki að standa sig vel í þessum málum, því að 72,2% leikskóla í Kópavogi eru ekki með áfallaáætlun en í Reykjavík eru þeir sem eru ekki með áfallaáætlun 23,8%. Það er mikið áhyggjuefni að fleiri eru ekki með áfallaáætlun þar sem að flestir leikskólar sem svöruðu þessari rannsókn höfðu lent í áföllum.

Áfall getur komið fyrir alla, jafnt börn sem fullorðna. Starfsmenn leikskóla þurfa að vera í stakk búnir til að veita börnum á vettvangi þá hjálp, aðstoð og umönnun sem þau hafa þörf fyrir hverju sinni. Eins og kemur fram hér á undan þá er sorg barna ekki jafn samfelld og sorg fullorðinna og börn hafa meiri tilhneigingu til að bæla hana niður. Þau þurfa því jafn mikið ef ekki meir á því að halda að fá tækifæri til að fá útrás fyrir hana. Neyðist barn til að bæla tilfinningar sínar þá getur það haft alvarlegar afleiðingar, andlegar jafnt sem líkamlegar samkvæmt Sigurði Pálssyni (1998) Braga Guðmundssyni (1994) og Guðrúnu Öldu Harðardóttur (1999).

Það eru nokkrir leikskólar sem finna fyrir vöntun á áfallaráðum og áfallaáætlunum en hafa af einhverjum ástæðum ekki komist í að leggja grunn að þeim í sínum leikskóla. Hvers vegna er ekki gott að segja. Tölurnar sýna einnig að það eru nokkrir leikskólar með virkt áfallaráð en án áfallaáætlunar. Að því gefnu að áfallaráð og áfallaáætlun séu nauðsynleg í

leikskólum til að bregðast megi við áföllum með réttum hætti er mikil þörf á þeim báðum inn í leikskólum.

Foreldrar eru lykilpersónur þegar barn verður fyrir áfalli (Guðrún Alda Harðardóttir, 1999; Margrét Ólafsdóttir, 1995) en hvort sem um er að ræða foreldra, leikskólakennara eða aðra uppalendur þá þurfa þeir að skapa barninu grundvöll og aðstæður til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar, viðurkenna sorg þeirra og hafa þolinmæði. Sé þetta ekki gert getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Áfallaráð hefur mikilvægu hlutverki að gegna innan skólans og þarf að undirbúa sig með margvíslegum hætti. Til dæmis með því að afla sér upplýsinga um sálræna skyndihjálp og áfallahjálp. Í starfsmannahandbók Kópavogsbæjar er talað um að leikskólinn þurfi að vera með „vinnu“lýsingu, eða með öðrum orðum áfallaáætlun á því hvernig brugðist er við áföllum innan skólans. Það sama má segja um Leikskóla Reykjavíkur sem hefur lagt fram vinnuáætlun um hvernig leikskólar eigi að bera sig að við áföll. Leikskólum í Reykjavík virðist hafa orðið um betur ágengt í að framfylgja þessu.

Í Kópavogi sögðust 33,3% leikskólanna endurmeta áfallaáætlunin eftir hvert áfall og betrubæta hana en 66,7 % sögðust ekki gera það. Í Reykjavík sögðust 86,7% endurmeta áfallaáætlunina eftir hvert áfall og betrubæta hana en 13,3% höfðu ekki lent í áfalli en sögðu að þeir myndu koma til með að endurskoða áfallaáætlunina eftir hvert áfall og betrubæta hana. Mikill munur er á því hvort leikskólar þessara sveitarfélaga endurmeta áfallaáætlunina, í Kópavogi 33,3% og í Reykjavík 86,7%. Okkur finnst skrytið að fleiri skuli ekki endurmeta áfallaáætlunina þar sem að margir leikskólar hafa lent í áfalli. Margir leikskólar hafa lent í mörgum áföllum og ættu því að læra af því og endurmeta hana eftir hvert áfall til að gera áfallaáætlunina betri en því er því miður ábótavant í Kópavogi.

Í Kópavogi og í Reykjavík var algengast að fólk leitaði á bókasafni að efni um áföll. Í Kópavogi var það 28,6% en í Reykjavík var það 26,1%. Önnur algengasta leiðin í Kópavogi og í Reykjavík var að leita til presta og djákna. Í Kópavogi var það 19,0% en í Reykjavík var það 19,6%. Prósentutölurnar eru mismunandi en fyrstu tveir flokkarnir eru eins. Fólk leitar mismunandi leiða til að fá efni um áföll.

## Lokaorð

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna starfsemi áfallaráða í leikskólum í tveimur sveitarfélögum, Reykjavík og Kópavogi, með áherslu á að kanna tíðni áfalla og virkni áfallaráða. Niðurstöður sýna að nær allir leikskólar í báðum sveitarfélögum hafa lent í áfalli (Kóp. 81,8% og Rvk. 90,5%) og enn fleiri telja þörf vera fyrir áfallaráð á sínum leikskóla (Kóp. 90,9% og Rvk. 100%). Hins vegar er ekki algengt að það sé starfandi áfallaráð á leikskólum í Kópavogi eða aðeins í um 30% tilvika. Í Reykjavíkur virðist annað vera uppi á teningnum því þar segjast 81% leikskóla vera með virkt áfallaráð. Draga mætti þá ályktun að leikskólar Kópavogs séu ófeimnari við að vera hreinskilnir í slíkri rannsókn. Leikskólar Reykjavíkur komu betur út en tiltölulega fáir þeirra svöruðu. Hægt er að túlka það sem svo að leikskólar Reykjavíkur vilji síður taka þátt í rannsókninni ef þeir sjá fram á að koma illa út úr henni. Auðvitað er einnig sá möguleiki að leikskólar Reykjavíkur séu betur í stakk búinir en leikskólar Kópavogs og að þessi rannsókn sýni fram á þá staðreynd.

Það hefði verið ákjósanlegast að fá svör frá öllum leikskólum úr báðum sveitarfélögum til að rannsóknin yrði sem marktækust, en hún gefur að okkar mati ákveðna innsýn engu að síður í stöðu áfallaráða innan leikskóla sveitarfélagana. Svo virðist sem leikskólar hafi verið að átta sig betur og betur á mikilvægi áfallaráða því nær allir telja nauðsynlegt að það sé til staðar. Það eru þó alls ekki allir með áfallaráð. Mögulega hafa þau ekki komið því í verk ennþá. Aðrar ástæður gætu einnig verið fyrir því. Einnig kom fram að ekki eru öll áfallaráð með áfallaáætlun, en það helst mjög í hendur samkvæmt heimildum. Aftur má frekar gera ráð fyrir að þeir leikskólar innan Reykjavíkur sem ekki svöruðu hafi gert það vegna gruns um lélega útkomu úr rannsókninni. En sé þetta raunverulegur munur milli sveitarfélaga þá þurfa leikskólar Kópavogsbæjar að taka sig á. Segja má að leikskólar beggja sveitarfélaga telji vera þörf á áfallaráði og því er hér mikið ósamræmi. Þar sem nær allir leikskólar vilja hafa starfandi áfallaráð, ætti þá ekki að vera starfandi áfallaráð á hverjum leikskóla? Það er einhvern veginn rökrétt.

Að lokum, mikilvægt er að starfsmenn leikskóla séu meðvitaðir um viðbrögð barna við áföllum og viti hvernig eigi að bregðast við með viðeigandi hætti -- að reynt sé að bregðast við eins fljótt og hægt er til að koma í veg fyrir áfallahugsýki. Áfallahjálpar er ekki meðferð heldur aðstoð þar sem reynt er að beina einstaklingnum í rétta átt til að vinna úr tilfinningum eftir áfall. Ekki finnst okkur nógu mikið framboð af íslensku efni um áföll, áfallaráð og áfallaáætlanir á fyrstu skólastigunum. Okkur virðist þó að aukin meðvitund sé um gildi áfallaráða og áfallaáætlana í leikskólum og vonum að þessi rannsókn megi verða lóð á þá

vogarskál að fleiri leikskólar taki þetta mikilvæga málefni enn fastari tökum. En þess má geta að leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar hefur beðið um eintak af rannsóknarskýrslunni í því skyni að nýta hana einmitt í þeim tilgangi.

## Heimildaskrá

- [án nafns]. 2006a. Viðtal höfunda við viðmælanda um áfallahjálpi í leikskólum, tekið 2. nóvember.
- [án nafna]. 2006b. Viðtal höfunda við viðmælanda um áfallahjálpi í leikskólum, tekið 13. nóvember
- [án nafns]. 2006c. Viðtal höfunda við viðmælanda um áfallahjálpi í leikskólum, tekið 2. nóvember
- Bragi Skúlason. (1994). *Sorg barna*. Garðabær. Héraðsnefnd Kjalarnesprófastsdæmis.
- Cohen, J.A., Mannarino, A.P. og Deblinger, E. (2006). *Treating trauma and traumatic grief in children and adolescents*. New York: Guilford Press.
- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2004). *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004. Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Gunnar Finnbogason. (1998). *Áföll í nemendahópnum – Sorgin hefur mörg andlit. Handbók um áföll í skólum*. Reykjavík: Gunnar Finnbogason.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (1999). Áfallahjálpi í leikskóla. *Glæður*. 9 (1). Fagtímarit F.Í.S.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.) *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- Júlíana Hilmarisdóttir. 19. október (2006). Fyrirlestur í Kennaraháskóla Íslands í áfanganum *Barn fjölskylda og barnavernd*.
- Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi á leikskólaskrifstofu Leikskóla Reykjavíkur, tölvupóstur 11. apríl, 2007

Luby, J.L. 2006. *Handbook of preschool mental health: Development, disorders, and treatment*. New York: Guilford Press.

Margrét Ólafsdóttir. (1995). Áföll í skóla. *Glæður*. 5 (2).

McMillan, J.H. (2004). *Educational research : Fundamentals for the consumer*. (4. útgáfa). Boston: Pearson.

Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, netskeyti 16. apríl, 2007

Sigurður Pálsson. (1998). *Börn og sorg*. Skálholtsútgáfan: Reykjavík.

## **Yfirlit yfir fylgiskjöl**

Fylgiskjal 1. **Viðtalsrammi**

Fylgiskjal 2. **Spurningalisti**

## *Fylgiskjal 1*

### Viðtalsrammi

#### *Tilgangur verkefnis*

- Kanna stöðu áfallahjálpar í leikskólanum (áfallaráð, hlutverkaskiptan o.s.frv.)
- Trúnaður
- Nafnleynd
- Sýna viðmælenda verkefnalýsingu

#### *Viðtalsrammi*

- Hvað heitir þú?
- Hvað ertu gömul?
- Hvað ertu menntuð?
- Hver er starfsreynsla þín?
- Hvað er áfall?
- Hvað er áfallahjálpar?
- Hvernig bregðist þið við slysi eða dauða?
- Hefur þú reynslu af vinnu með áfallahjálpar?
- Hvernig brugðust þið við?
- Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við barnið/börnin?
- Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við starfsfólk?
- Ef sama tilfellið kæmi upp í dag, hverju mundir þú haga öðruvísi?
- Hvaða utanaðkomandi aðstoð fékkst þú?
- Bregðist þið öðruvísi við ef þetta er foreldri barns, barn, barn starfsmanns, foreldrar starfsmanns sem deyr?

- Er starfandi áfallaráð í þessum leikskóla?
- Hvað finnst þér að einstaklingar innan áfallaráðs þurfa að hafa til að bera?
- Hverjir sitja í áfallaráði?
- Hvar og hvernig aflið þið upplýsinga um áföll?

## *Fylgiskjal 2*

### Spurningalisti

#### 1. Hefur leikskólinn lent í áfalli?

Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

#### 2. Ef já,

##### Hvers konar áfalli?

Barn lést \_\_\_\_\_

Foreldri lést \_\_\_\_\_

Starfsmaður lést \_\_\_\_\_

Einhver úr fjölskyldu barns í leikskólanum lést \_\_\_\_\_

Náttúruhamfarir \_\_\_\_\_

Skilnaður foreldra barna \_\_\_\_\_

Kynferðisleg misnotkun \_\_\_\_\_

Vanræksla \_\_\_\_\_

Einelti \_\_\_\_\_

Líkamlegt ofbeldi \_\_\_\_\_

Annað \_\_\_\_\_

#### 3. Finnst þér vera þörf fyrir áfallaráð á þínum leikskóla?

Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

#### 4. Er virkt áfallaráð starfandi?

Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

**5. Ef já,**

**eru fundir haldnir reglulega í áfallaráði ?**

Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_

**6. Hvað er langt síðan áfallaráð fundaði síðast?**

Í þessum mánuði \_\_\_\_\_

Í síðasta mánuði \_\_\_\_\_

Minna en hálf ár síðan \_\_\_\_\_

Meira en hálf ár síðan \_\_\_\_\_

Heilt ár \_\_\_\_\_

Meira en heilt ár síðan \_\_\_\_\_

Annað \_\_\_\_\_

**7. Hversu oft hefur áfallaráð komið saman, síðastliðið ár (2006)?**

1-5 sinnum \_\_\_\_\_

5-10 sinnum \_\_\_\_\_

10-15 sinnum \_\_\_\_\_

15-20 sinnum \_\_\_\_\_

Oftar \_\_\_\_\_

**8. Hverjir sitja í áfallaráði?**

Leikskólastjóri \_\_\_\_\_

Aðstoðarleikskólastjóri \_\_\_\_\_

Deildarstjóri/Deildarstjórar \_\_\_\_\_

Leikskólakennari/leikskólakennarar \_\_\_\_\_

Leiðbeinandi/leiðbeinendur \_\_\_\_\_

Starfsfólk í mötuneyti \_\_\_\_\_

Annað \_\_\_\_\_

### **9. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við barnið/börnin?**

Prestur fenginn í heimsókn \_\_\_\_\_

Rætt við prest \_\_\_\_\_

Umræður \_\_\_\_\_

Talað var við heilsugæsluna \_\_\_\_\_

Talað var við teymi sem veitir áfallahjálp \_\_\_\_\_

Talað var við heimilislækni \_\_\_\_\_

Talað var við sálfræðing \_\_\_\_\_

Við leituðum í okkar eigin þekkingu \_\_\_\_\_

Annað \_\_\_\_\_

### **10. Hvaða leiða leitaði leikskólinn til að styðja við starfsfólkið?**

Fræðsla \_\_\_\_\_

Sjálfsfræðsla \_\_\_\_\_

Bækur lesnar \_\_\_\_\_

Fyrirlestur \_\_\_\_\_

Námskeið \_\_\_\_\_

Prestur fenginn í heimsókn \_\_\_\_\_

Hver og einn ræðir við prest einslega \_\_\_\_\_

Annað \_\_\_\_\_

**11. Hvaða utanaðkomandi aðstoð fékk leikskólinn?**

Talað var við prest \_\_\_\_\_

Talað var við sálfræðing \_\_\_\_\_

Annað \_\_\_\_\_

**12. Hvað finnst þér að einstaklingar innan áfallaráðs eigi að hafa til að bera?**

Þeir þurfa að hafa heilbrigða skynsemi \_\_\_\_\_

Þeir þurfa að hafa reynslu \_\_\_\_\_

Þeir þurfa að vera sterk persóna \_\_\_\_\_

Þeir þurfa að vera ábyrgðarfullir \_\_\_\_\_

Annað \_\_\_\_\_

**13. Er áfallaáætlun til í leikskólanum?**

Já \_\_\_\_\_

Nei \_\_\_\_\_

**14. Ef já,**

**Er áfallaáætlunin endurskoðuð eftir hvert áfall og betrum bætt?**

Já \_\_\_\_\_

Nei \_\_\_\_\_

**15. Hvar leitið þið að fræðsluefni um áföll?**

Á Bókasafni\_\_\_\_\_

Í Kirkjuhúsinu á Laugavegi\_\_\_\_\_

Í Kirkjum\_\_\_\_\_

Hjá prestum\_\_\_\_\_

Annað\_\_\_\_\_